



HRUNAMANNAHREPPUR

62. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

3. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 20. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti fram dagskrárbreytinigatillögu um að við bætist liður 18: Hrunamannavegur 3 – innréttingar. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þessa viðbót.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- 1. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 18. fundar frá 12. febrúar 2025.**
Lögð fram fundargerð 18. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Varðandi lið 2, opnunartími í tækjasal og sundlaug þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra í samráði við nefndarmenn og forstöðumann íþróttamannvirkja að vinna tillögur að opnunartíma þessara stofnana. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- 2. Skólanefnd: Fundargerð 15. fundar frá 12. febrúar 2025.**
Lögð fram fundargerð 15. fundar Skólanefndar.

Varðandi lið 1, kynning á barnvænu samfélagi, vill sveitarstjórn koma á framfæri þakklæti til Kolbrúnar Haraldsdóttur, verkefnastjóra, fyrir hennar góðu vinnu. Nú verður áætlunin kynnt á heimasíðu og þar gerð aðgengileg öllum.

Varðandi lið 2, skýrsla skólastjóra Flúðaskóla, vill sveitarstjórn hvetja skólasamfélagið, starfsmenn, foreldra og nemendur, til að taka eins fljótt og auðið er skýrt samtal um símanotkun í skólum og áhrif óhóflegrar símanotkunar á ungmenni. Sterkar vísbendingar eru um að kvíði og vanlíðan barna og ungmenna hafi aukist og þá ekki síst vegna notkunar samfélagsmiðla.

Varðandi lið 3, skýrsla skólastjóra Leikskólans Undralands, vill sveitarstjórn taka undir áhyggur leikskólastjóra vegna skorts á leikskólakennaramenntuðum starfsmönnum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að endurskoða reglur um styrki til náms í leikskólakennarafræðum í samvinnu við leikskólastjóra og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials: A large signature, DCJ, ABJ, and BL.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 296. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 296. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 16. Iðjuslóð 1: Byggingarheimild; eldsneytisstöð.

Móttækin var umsókn þann 08.01.2025 byggingarleyfi fyrir eldsneytisaðstöðu og koma fyrir tveimur 10 þúsund lítra eldsneytistönkum á steypu undirlagi á iðnaðar- og athafnalóðinni Iðjuslóð 1 L216004 í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt deiliskipulagi svæðisins er iðnaðar- og athafnalóðin Iðjuslóð 1, sem umsóknin vísar til alls þrjár lóðir, Iðjuslóð 1,3 og 5. Á lóðum 1 og 3 er sameiginlegur byggingarreitur en sérstæður byggingarreitur er skilgreindur á lóð Iðjuslóðar 5. Leigusamningar eru til staðar um lóðir Iðjuslóðar 1 og 3. Umsótt eldsneytisaðstaða verður samkvæmt aðstöðumynd að mestu leyti vera innan lóðar Iðjuslóðar 5 og að miklu leyti utan byggingarreits. Stöðin skarast auk þess að hluta inn á lóð Iðjuslóðar 3. Samkvæmt skilmálum deiliskipulags svæðisins er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu á eldsneytisaðstöðu eða eldsneytisstöð utan byggingarreita á svæðinu. Að mati skipulagsnefndar UTU er uppbygging á stakri eldsneytisstöð þvert á lóðamörk afar slæm nýting á iðnaðar- og athafnalóð á besta stað innan þéttbýlismarkna Flúða, í ljósi þess að töluverðar byggingarheimildir eru til staðar innan lóðarinnar samkvæmt skipulagi. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa byggingarleyfis vegna eldsneytisaðstöðu á lóðinni verði synjað á grundvelli fyrrgreinds rökstuðnings.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og synjar útgáfu byggingarleyfis vegna eldsneytisaðstöðu á lóðinni.

Mál nr. 17. Syðra-Langholt 1: Byggingarheimild; reiðskemma ásamt breyttri notkun á mhl 18 og mhl 21.

Móttækin var umsókn, þann 28.01.2025, um 540 m² reiðskemmu, viðbygging við núv. fjárhús mhl 21 sem verður breytt í hesthús, ásamt að breyta hlöðu mhl 18 í aðstöðuhús á jörðinni Syðra – Langholti 1 L166817 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Hér vék Bjarney Vignisdóttir af fundi.

Mál nr. 18. Auðsholt 2: Auðsholt 2B; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 26.01.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 694,7 fm lóð, Auðsholt 2B, undir þegar byggt íbúðarhús úr landi Auðsholts 2 L166717.

JB DCS
AET
BL
AS

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Mál nr. 19. Birkihlíð 12-16: Breyting á þakhalla og vegg- og mænishæð; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Birkihlíð 12-16 L232275 í Hrunamannahreppi. Í fyrirspurninni felst að óskað er eftir skilmálabreytingu fyrir deiliskipulag á reit M2 á miðsvæði Flúða (Gröf og Laxárhlið) þannig að þakhalli og vegg- og mænishæð breytist. Núverandi skilmálar fyrir hús á tveimur hæðum gera ráð fyrir að þakhalli megi vera 30°-45° og að mesta veggshæð langveggja sé heimil 5 m. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að þakhalli verði heimilaður 25°-45° og að mesta hæð langveggja geti verið 5.85. Hámarks mænishæð helst óbreytt.

Fyrir mistök hjá embætti UTU hefur nú þegar verið gefið út byggingarleyfi fyrir byggingu húss innan lóðar Birkihlíðar 8-10 þar sem þakhalli er minni og veggshæð landveggja meiri en núverandi heimildir deiliskipulags gera ráð fyrir. Með það að markmiði að mynda samfellu í götummynd svæðisins mælist skipulagsnefnd UTU því til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við breytingu á skilmálum deiliskipulagsins þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði fyrir 25° þakhalla og veggshæð langveggja geti verið allt að 5,80 í takt við byggingarheimild á lóð 8-10. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verði grenndarkynnt innan hverfisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar né við breytingu á skilmálum deiliskipulagsins þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði fyrir 25° þakhalla og veggshæð langveggja geti verið allt að 5,80 í takt við byggingarheimild á lóð 8-10. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verði grenndarkynnt innan hverfisins.

Bjarney Vignisdóttir mætti aftur til fundar.

Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. febrúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. febrúar sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. Héraðsnefnd Árnespings bs.: Fundargerð 26. fundar framkvæmdastjórnar frá 17.12.24.

Lögð fram fundargerð 26. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnespings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjóra er falið að leggja fram breytingar á samþykktum Hrunamannahrepps til samræmis við breytingar á samþykktum Brunavarna og Tónlistarskólans.

5. Héraðsnefnd Árnespings bs.: Fundargerð 27. fundar framkvæmdastjórnar frá 4.2.25.

Lögð fram fundargerð 27. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnespings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 242. fundar frá 11. febrúar 2025.

Lögð fram fundargerð 242. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials: AA, [unclear], ARJ, DGS, BL

7. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 25. fundar stjórnar frá 12. febrúar 2025.**
Lögð fram fundargerð 25. fundar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 81. stjórnarfundar frá 27. janúar 2025.**
Lögð fram fundargerð 81. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 21. stjórnarfundar frá 27. janúar 2025.**
- **Ásamt tölvupósti.**

Lögð fram fundargerð 21. stjórnarfundar Arnardragns hses.

Sveitarstjórn undrast þá ávörðun stjórnar að eign Arnardragns hses að Nauthaga á Selfossi verði seld til Brákar íbúðarfélags hses sérstaklega í ljósi þess að málið var rætt á fundi eigenda Arnardragns hses án niðurstöðu eftir miklar umræður. Þann 10. desember 2024 stóð til að halda aukaársping Arnardragns hses til þess að ræða betur um þetta mál. Þeim fundi var, skv. tölvupósti frá framkvæmdastjóra, frestað eftir að forsvarsmenn Arnardragns höfðu ráðfært sig við lögmann. Síðan hefur enginn fundur verið boðaður með aðildarsveitarfélögum til að ræða frekar um mögulega sölu á Arnardrangi hses eða eignum í eigu félagsins.

*Sveitarstjórn óskar frekari skýringa hjá stjórn Arnardragns vegna málsins þar sem með þessum gjörning virðist sem verið sé að leggja niður byggðasamlag eða rekstur þess án þess að fyrir liggi samþykkt sveitarfélaganna sem að því standa.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

Erindi til sveitarstjórnar:

10. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, gistileyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Ragnheiðar Hallgrímsdóttur, kt. 290893-2089, um leyfi til reksturs gististaðar í flokk II, Tegund: C Minna gistiheimili. Sólheimar, Sólheimar 2, F2520136, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

11. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, veitingaleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Xiang 's ehf., kt. 020770-2799 um leyfi til reksturs Veitingaleyfi í flokk II, A veitingahús. Heiti staðar: The star. Hrunamannavegur 3, F2525647, 845 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

12. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, tækifærisleyfi til áfengisveitinga.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hrunamannahrepps., kt. 640169-2309 um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna árlegs hjónaballs Hrunamannahrepps sem fram fer 01.3.2025 kl.18:30 til 02.03.2025 kl.03.00 í íþróttahúsi Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

13. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 29. janúar 2025.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna þar sem tilkynnt er um afgreiðslu umsóknar sveitarfélagsins vegna framlags úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna aðgengismála.

Handwritten signatures: DGJ, JA, JB, ARJ, BL

Samþykktur hefur verið styrkur að upphæð kr. 12.787.450,- sem nemur 50% af kostnaðaráætlun vegna uppsetningar á lyftum annars vegar í íþróttahúsi og hins vegar í Félagsheimili Hrunamanna.

Sveitarstjórn þakkar kærlega fyrir framlagið sem verða mun til þess að aðgengi íbúa að nauðsynlegri þjónustu verður til tryggt fyrir alla.

14. Bréf frá tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga frá 11. febrúar 2025.

Lagt fram bréf frá tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Erindið er lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Flugklúbbi Flúða frá 14. febrúar 2025.

Lagt fram bréf frá Flugklúbbi Flúða vegna umsóknar um lóð undir flugskýli á flugvellinum á Flúðum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að ræða við bréfitara um lóð undir flugskýli og um framtíðaráform flugklúbbsins á svæðinu.

16. Minnisblað varðandi rekstur bókasafns.

Lagt fram minnisblað varðandi reksturs bókasafns. Í minnisblaðinu kemur fram að unnið er að breytingum á rekstri bókasafns og ráðhúss með það fyrir augum að þessar tvær stofnanir verði sameinaðar í Félagsheimili Hrunamanna. Þar sem breytingar munu verða á eðli starfs forstöðumanns bókasafns bæði hvað varðar starfslýsingu, verkefni og vinnutíma er hér lagt til að sú staða verði lögð niður og auglýst eftir nýjum starfsmanni í ráðhúsið sem samhliða störfum við móttöku, sínavörslu, skjalasafn o.fl. sinni starfi forstöðumanns bókasafns/upplýsingamiðstöðvar sem verður á sama stað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að staða forstöðumanns bókasafns verði lögð niður og felur sveitarstjóra að ganga frá starfslokum í góðri samvinnu við núverandi starfsmann. Í framhaldinu verði auglýst 100% staða í ráðhúsinu. Einnig samþykkir sveitarstjórn að flutningur safnsins hefjist í mars og bókasafnið verði því lokað um leið og þökkun þess hefst og þar til flutningi í félagsheimili er lokið.

17. Úthlutun lóða.

Fyrir fundinum liggja 63 umsóknir um lóðir við Röðulstanga, Iðjuslóð og Högnastíg.

Útdráttur milli umsækjenda skilaði eftirfarandi niðurstöðu og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að þessum aðilum verði úthlutað lóðum í samræmi við reglur um lóðaúthlutun í Hrunamannahreppi:

Röðulstangi 1-3, parhús

AMS ehf, kt. 620198-2429

Til vara:

Byggingafélagið Hvati, kt. 600121-1380

Röðulstangi 5-11, 4 íbúða raðhús

SA2 ehf, kt. 611122-1010

Til vara:

SSS ehf, kt. 590613-0370

Handwritten signatures and initials in blue ink: JAS, ABJ, and BL.

Röðulstangi 13-19, 4 íbúða raðhús

SA2 ehf, kt. 611122-1010

Til vara:

Múr- og málningapjónustan ehf, kt. 660190-2019

Röðulstangi 21-27, 4 íbúða raðhús

Stop pallaleiga, kt. 560609-0190

Til vara:

NÓN ehf, kt. 581105-1850

Röðulstangi 29-31, parhús

Múr- og málningapjónustan ehf, kt. 660190-2019

Til vara:

Byggingafélagið Hvati ehf, kt. 600121-1380

Röðulstangi 4-6, parhús

Múr- og málningapjónustan ehf, kt. 660190-2019

Til vara:

SSS ehf, kt. 590613-0370

Röðulstangi 8-10, parhús

AMS ehf, kt. 620198-2429

Til vara:

Stop pallaleiga, kt. 560609-0190

Röðulstangi 12-14, parhús

SSS ehf, kt. 590613-0370

Til vara:

Stop pallaleiga, kt. 560609-0190

Röðulstangi 20, einbýlishús

Halldór Ragnar Emilsson, kt. 190986-2769

Til vara:

Þórhallur Jóhannesson, kt. 211053-3479

Högnastígur 16, einbýlishús

Víðir Víðisson, kt. 120989-2519

Til vara:

Sveinn Skorri Skarphéðinsson, kt. 040867-3419

Iðjuhlóð – atvinnuhúsnæði

Byggingafélagið Hvati ehf hefur sótt um tvær lóðir við Iðjuhlóð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fyrirtækinu verði úthlutað lóð/lóðum við Iðjuhlóð og mun sveitarstjóri ræða við lóðarhafa um nánara fyrirkomulag enda er nú unnið að breytingu á deiliskipulagi sem ræða þarf nánar við þá aðila sem fengið hafa úthlutað lóðum á svæðinu.

HA
B
DGS
ARJ
BL

18. Hrunamannavegur 3 – innréttingar

Við útboð heilsugæslunnar var ákveðið að bjóða innréttingar út sérstaklega. Aðalhönnuður sá um útboð innréttinga og var alls 9 aðilum boðið að bjóða í innréttingapakkan.

Einungis eitt tilboð barst, það var frá fyrirtækinu Kappar ehf. Heildartilboðsfjárhæð var kr. 24.493.747,-. Aðalverktaki óskaði eftir því að fá að bjóða í innréttingarnar, barst tilboð með fyrirvörum og var hluti innréttinga utan tilboðs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga að tilboði Kappa ehf.

19. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt er að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn samkvæmt venju þann 6. mars n.k.

Mál til kynningar:

20. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 963. fundar stjórnar frá 31.01.2024.

Lagt fram til kynningar.

21. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 80. fundar stjórnar frá 31. janúar 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:28

Alexandra Ros Johannesdóttir

[Handwritten signature]

Dóti Geir Samuelsson

[Handwritten signature]

Bjarney Vigfusdóttir

Aldis Flápléin